

Samspil Menntamiðju í nýrri skýrslu um framsæknar leiðir í starfsþróun kennara

Nýlega kom út skýrsla Rannsóknarmiðstöðvar Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, [Innovating Professional Development in Compulsory Education](#), um nýjar og framsæknar leiðir í starfsþróun kennara. Meðal fyrirmynda sem fjallað er um er Samspil 2015 sem Menntamiðja stóð fyrir og sem Samspil 2018, sem nú er í gangi, byggir á. Forsendur sem Sampilið byggði á eru reifaðar og einnig fjallað almennt um starfsemi Menntamiðju og hvernig hún hefur stutt við starfsþróun kennara á Íslandi.

Samspil Menntamiðju er eitt af 30 fyrirmyndum sem er fjallað um í skýrslunni og er þar margt áhugavert sem mætti nýta hér á landi.

